

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Vini Kenía, nr. 1257/2012.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar verður **Vinir Kenía og Tansaníu**.

Hvarvetna þar sem heitið Vinir Kenía kemur fyrir í skipulagsskránni kemur:

Vinir Kenía og Tansaníu.

3. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Markmið Vina Kenía og Tansaníu er að styrkja samvinnuverkefni í Kenía og Tansaníu, en þau felast í því að skipuleggja sjálfbóðaliðastarf og hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálf með fjárstuðningi og ýmis konar þjálfun og kennslu. Vinir Kenía og Tansaníu styðja þessa starfsemi með því að safna fé til stuðnings ýmsum verkefnum, s.s. herferðum gegn malaríu, aðstoð við munaðarleysingja, vatnsöflunarverkefni til skóla o.fl. auk þess að aðstoða við ferðir sjálfbóðaliða.

Það er markmið Vina Kenía og Tansaníu að vinna að verkefnum í Kenía og Tansaníu í gegnum tengslanet sjálfbóðaliða, International Humanist Alliance, til þess að tryggja að samstarfsaðilar Vina Kenía og Tansaníu vinni sjálfbóðaliðastörf sín af sömu hugsjón og Vinir Kenía og Tansaníu á Íslandi.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Vini Kenía staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 30. september 2024,

Jakob Andri Þórarinsson.

Auður Steingrimsdóttir.